

Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Stóri Plokkdagurinn verður 27. apríl 2025 <plokk@plokk.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 12. mars 2025 13:36  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Stóri Plokkdagurinn verður 27. apríl 2025



**STÓRI  
PLOKK  
DAGURINN  
#PLOKK**

Til umhverfisvalda sveitarfélaga,  
fyrirtækja og opinberra stofnana.



## Stóri Plokkdagurinn 27. apríl, vertu með!

Um það bil 8000 manns tilheyra samféluginu Plokk á Íslandi á facebook og þessi hópur er kominn á fullt í að plokka bæði í sínu umhverfi. Flestir sem tilheyra Plokk síðunni plokka nánast allt árið um kring en Plokk á Íslandi skipuleggur Stóra-plokkdaginn einu sinni á ári. Hann er hugsaður sem upphaf plokk tímabilsins, vitundarvakning og hvatning. Tímasetningin hentar vel því þá er vorið komið, snjór horfin úr byggð og plast og pappírs rusl býður eftir því að verða bjargað og sent á viðeigandi stofnun.

Stóri Plokkdagurinn byrjaði sem grásrótar verkefni en hefur nú fengið Rótary hreyfinguna á Íslandi með sér í lið. Þá hafa Landsvirkjun og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið gert langt tíma saming við verkfenið í umsjá Rótary til utanumhalds og kynningar á deginum. Rótary klúbbarnir um allt land munu skipuleggja viðburði á Stóra plokkdeginum og hundruð sjálboðaliða úr þeirra röðum munu þannig koma að verkefninu.

Rótary hreyfingin á Íslandi hvetur fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga að láta plokkið sig varða, taka þátt og hvetja aðra til þátttöku.

Allir mega stofna viðburði á Stóra Plokkdaginn á samfélagsmiðlum, tengja þá við Plokk á Íslandi, fá merkingar frá Plokk á Íslandi. Hægt er að nálgast merki Plokk dagsins á [plokk.is](http://plokk.is) og er öllum heimilt að nota það sér að kostnaðarlausu. Sveitafélög landsins auglýsa sína viðburði og hvernig hægt er að bera sig að með frágang, flokkun eða urðun á hverjum stað fyrir sig.

Á facebook svæðinu Plokk á Íslandi má gjarnan deila sigrum okkar á ruslinu með jákvæðum fréttum af árangri baráttunnar allt árið um kring. Vertu með á stóra plokk deginum 27. apríl nk

Einar Bárðarson,  
Félagi í Rótary hreyfingunni og plokkari


Mynd frá undirritun samstarfssamnings Rótary hreyfingarinnar við Landsvirkjun og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í fyrra.

Mynd: Mummi Lú



Allir mega stofna viðburði á Stóra Plokkdaginn á samfélagsmiðlum, tengja þá við Plokk á Íslandi, fá merkingar frá Plokk á Íslandi.

Sveitafélög landsins auglýsa sína viðburði og hvernig hægt er að bera sig að með frágang, flokkun eða urðun á hverjum stað fyrir sig.





## HVERNIG SKIPULEGG ÉG PLOKK VIÐBURÐ?

Ef við fylgjum þessu leiðbeiningum þá eiga allir að finna sig vel í þessu þrátt fyrir að hafa aldrei gert þetta áður. Öll hvatning og miðlun á samfélagsmiðlum er ekki mont heldur þvert á móti hvatning til annarra að láta sitt ekki eftir liggja.

### HVERNIG?

- Velur svæði sem þú vilt elска. Stofnar viðburð í eigin nafni og skýrir hann “PLOKK-eitthvað” deilir honum inn á Plokk á Íslandi á Facebook til að lokka til þín fleiri plokkara. Deildu viðburðinum á bæjar síðuna þína eða hverfa síðuna eða hvoru tveggja. Muna að taka myndir á viðburðinum og vera dugleg að deila á samfélagsmiðla og merkja #plokk #plokk2024
- Þau ykkar sem eruð dugleg á Instagram og Facebook getið farið í valmynd og farið í GIF og skrifað PLOKK þá koma upp GIF merki fyrir Stóra plokkdaginn sem gaman er að setja inn á myndirnar um leið og við merkjum með myllumerkjunum#.

## **HVAD ÞARF ÉG?**

- Glæra plastpoka - best er að hafa two poka, setja plastið í einn og allt annað í hinn.
- Snæri eða bensli til að loka plastpokunum svo ekkert fjúki úr þeim þegar búið er að fylla þá.
- Plokktangir eru ágætar, ekki nauðsynlegar. Því ódýrari, því betri, segi ég af reynslu. Því þær sem eru dýrar eru efnismeiri og þá þyngri.

## **HVERNIG ERUM VIÐ ÚTBÚIN:**

- Klæðum okkur eftir aðstæðum. Hanskar eru ákjósanlegir. Öryggisvesti eru ákjósanleg en skilda ef við erum að plokka meðfram vegum eða við götur.

## **HVERNIG VELJUM VIÐ STAÐ?**

- Það er ekki ákjósanlegt að vera í kringum stór umferðarmannvirki eins og meðfram Reykjaneshótelinni og stóru umferðaræðunum í borginni nema fólk sé sérstaklega útbúið m.a. í endurskinsvestum osfrv. Og þetta eru ekki staðir fyrir börn.
- Í kringum þjónustukjarna er alltaf mikið plast og umbúðarusl. Þjónustukjarnarnir eru þar sem dagvöruverslanir, skyndibitastaðir, kaffihús, bensínstöðvar og ísbúðir er að finna. Það er iðulega mikið rusl sem fýkur frá ruslatunnum og ruslagámum við þessi svæði.
- Þá eru öruggustu svæðin líklega svæði í kringum íþróttavelli, skólalóðir og opin svæði. Girðingar í kringum þau taka oft drjúgt til síń.
- En við plokkum allstaðar þar sem þarf að plokka

## **FRÁGANGUR Á PLOKKI**

- Bindum vel fyrir pokana og skorðum þá þannig að ekki fjúki upp úr þeim og þeir fjúki ekki sjálfir.
- Fórum með á þjónustustöðvar Sorpu eða annað þar sem þið vitið að tekið er á móti plokki, hvort sem það er skipulagt af Rótary, sveitarfélagini ykkar eða af öðrum flottum einstaklingum eða hópum.

## **SORPA Á PLOKKDAGINN:**

- Endurvinnslustöðvar Sorpu taka fagnandi á móti öllum plokkurum. Það er opið til klukkan 16:00 á sjálfan Plokkdaginn.
- Lokað er 1. maí en opnar aftur 2. maí. Þau hvetja okkur til að setja plastið í sérpoka. Þannig getum við sameinast um að endurvinna plastið.
- Sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök sem styðja almenna plokkara með því að leggja til söfnunarsvæði og/eða gáma mega koma með afraksturinn til Sorpu án þess að borga urðunargjald. Gámarnir þurfa að vera vel merktir PLOKK og í þeim má bara vera rusl í glærum pokum. Virðum þessar reglur og þá gengur aflestingin vel.

## HVERS GET ÉG VÆNST AF SVEITARFÉLAGINU MÍNU?

- Sveitarfélög geta oft leiðbeint með svæði þar sem gott væri að plokka.
- Sveitarfélög hafa oft getað skaffað glæra poka og jafnvel plokktangir .
- Ef þú ert að skipuleggja stórt plokkverkefni hafa sveitarfélög oft komið með opna gáma til að setja plokkið í. Þar sem því er ekki komið við hafa sveitarfélög oft sótt afrakstur til plokkara hvort heldur sem það eru 3 eða 30 pokar.



Höfundarréttur © 2025 Plokk / Rótary hreyfingin á Íslandi / Allur réttur áskilinn

Want to change how you receive these emails?

You can [update your preferences](#) or [unsubscribe from this list](#).

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Guðni Tómasson - SIN <gudni.tomasson@sinfonia.is>  
**Sent:** föstudagur, 28. febrúar 2025 15:15  
**To:** radhus@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; oddviti@kjos.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; grindavik@grindavik.is; skrifstofa@vogar.is; afgreidsla@sudurnesjabaer.is; akranes@akranes.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; snb@snb.is; stykkisholmur@stykkisholmur.is; dalir@dalir.is; bolungarvik@bolungarvik.is; postur@isafjordur.is; sveitarstjori@reykholar.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; sudavik@sudavik.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnes@drangsnes.is; strandabyggd@strandabyggd.is; skrifstofa@hunathing.is; skagastrond@skagastrond.is; blonduos@blonduos.is; skagafjordur@skagafjordur.is; akureyri@akureyri.is; nordurthing@nordurthing.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; Aðalsteinn J. Halldórsson; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; mulathing@mulathing.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; postur@vestmannaejar.is; radhus@arborg.is; afgreidsla@hornafjordur.is; myrdalshreppur@vik.is; klaustur@klaustur.is; asahreppur@asahreppur.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; hruni@fludir.is; Móttaka Hveragerði; olfus@olfus.is; gogg@gogg.is; skeidgnup@skeidgnup.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; fv@vestfirdir.is; Bjarni Guðmundsson; ssa; ssh@ssh.is; eything@eything.is; ssnv@ssnv.is; sss@sss.is; ssv@ssv.is  
**Cc:** skuli@vestfirdir.is; Signý Ormarsdóttir; gudlaugur@ssnv.is; Hildur Halldórsdóttir; Þórður Freyr Sigurðsson; Logi Gunnarsson; Sigursteinn Sigurðsson; johannayr@lagafellskirkja.is; Stefán Eiríksson; Rúnar Freyr Gíslason; Margrét Jónasdóttir; Arnfriður S Valdimarsdóttir; Steinþór Einarsson  
**Subject:** Sinfó í sundi ! - samfélagsgleði um allt land í lok ágúst

Ágætu móttakendur sveitarstjórna og landshlutasamtaka um allt land

Meðfylgjandi er bréf frá Sinfóníuhljómsveit Íslands til allra sveitarstjórna, framkvæmdastjóra þeirra og menningarfulltrúa landsins um samfélagsviðburð sem við hjá hljómsveitinni viljum endilega fá þjóðina alla með í undir lok ágúst næstkomandi.

Hann kallast *Sinfó í sundi* og við blásum til samstarfs við helst allar sundlaugar og sveitarfélög landsins í tilefni af 75 ára afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu ári og 10 ára afmælis sjónvarpstónleikanna sívinsælu *Klassíkin okkar* sem eru hluti okkar góða samstarfs við RÚV.

Allt er þetta nánar útskýrt í bréfinu sem hér fylgir og gott væri að sveitarstjórnir, landshlutasamtök, framkvæmdastjórar, menningarfulltrúar og umsjónarmenn sundlauga um allt land kynntu sér.  
Eins og fram kemur í bréfinu verðum við hér hjá SÍ svo í sambandi þegar nær dregur.

Með kærri samhljómskveðju,  
Guðni Tómasson



Guðni Tómasson

Framkvæmdastjóri | Managing Director

Sinfóníuhljómsveit Íslands | Iceland Symphony Orchestra

tel: +354 698 2313

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) | [Fyrirvari/Disclaimer](#)





## Ágæti viðtakendi

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur upp á 75 ára afmæli sitt á árinu 2025 og því margt fram undan. Glæsilegir hátíðartónleikar verða í Hörpu 6. og 7. mars, en þeir seinni verða í beinni útsendingu í sjónvarpi RÚV. Opið samspil verður haldið með yngri og eldri hljóðfæraleikurum, nýtt hlaðvarp sett á laggirnar, fjölbreyttri fræðsludagskrá haldið úti, sýning um sögu sveitarinnar sett upp og svo framvegis. Um mánaðamótin apríl-máí verður haldið í ferð á Hornafjörð, Vík og Selfoss og ýmislegt annað verður boðið fram í tilefni tímamótanna.

Ástæða þessa bréfs, sem sent er á allar sveitarstjórnir landsins og menningarfulltrúa landshlutamarka, er hins vegar sú að 29. ágúst næstkomandi verða haldnir í tíunda sinn sjónvarpstónleikarnir *Klassíkin okkar* sem notið hafa mikilla vinsælda á undanförnum árum á heimilum landsins. Samstarf Sinfóníuhljómsveitarinnar og RÚV er afar dýrmætt og með því hefur náðst að skila þessum tónleikum og fleiri tónleikum sveitarinnar heim í stofu til landsmanna.

Í tilefni afmælanna viljum við hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands leitast eftir samstarfi við sveitarstjórnir um land allt um verkefni sem við köllum *Sinfó í sundi* en þar viljum við hvetja sveitastjórnir á hverjum stað til að bjóða upp á beina útsendingu frá tónleikunum *Klassíkin okkar* sem hefjast kl. 20:00 á RÚV þann 29. ágúst. Áherslan í efnisskrá tónleikanna að þessu sinni verður á fjölbreyttan söng en nú stendur mótu tónleikanna yfir.

Hugmyndin er sú að í okkar dýrmætu sundlaugum og baðstöðum um allt land verði boðið upp á beina útsendingu frá tónleikunum, ýmist með hjálp skjávarpa eða sjónvarpstækja eða þá útvartstækja, en tónleikarnir verða einnig í beinni útsendingu á Rás 1. Með því ætti að myndast möguleiki á mikilli og góðri samfélagsstemningu, en vitanlega verður hægt að njóta tónleikanna áfram heima með hjálp Spilara RÚV.

Með bréfi þessu viljum við hvetja sveitarstjórnarfólk, menningarfulltrúa, íþróttat- og æskulýðsfulltrúa og rekstraraðila sundlauga og baðstaða til að hafa opið fram á kvöld á meðan á tónleikunum stendur og taka þannig þátt í að mynda þessa óvenjulegu og skemmtilegu tónlistarupplifun sem þarna getur orðið til.

Í aðdraganda verkefnisins mun Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan senda frá sér kynningarefni um viðburðinn á sama netfangalista og fær þett bréf, menningarfulltrúar í hverjum landshluta eru síðan sérstakir tengiliðir við SÍ.

Með kærri kveðju og von um samhljóm um land allt,

Guðni Tómasson

Framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

# Ofanflóð 2025

## Málþing um snjóflóð og samfélög



Málþing um snjóflóð og samfélög verður haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði dagana 5.-6. maí 2025.

Íslensk samfélög búa yfir mikilli seiglu, ekki síst gagnvart á föllum, líkt og í mannskæðum snjóflóðum á Flateyri og í Súðavík 1995 og í Neskaupstað 1974. En hvað er það sem myndar seiglu í samfélagi og virkar verndandi þegar náttúruhamfarir dynja yfir? Á málþinginu verður sjónum beint að samfélögum á hættusvæðum, öryggi á vegum, uppbyggingu á ofanflóðavörnum í landinu og þeim áhrifum sem sú uppbygging hefur á þróun byggða. Einnig verður fjallað um endurskoðun á mögulegri hættu undir varnargörðum og þann lærðóm sem dreginn hefur verið af snjóflóðunum sem féllu á varnargarða á Flateyri í janúar 2020, þar sem hluti flóðanna barst yfir garðana, og í Neskaupstað í mars 2023 þar sem snjóflóð lento á varnargörðum og keilum.

Meðal fyrirlesara eru: Harpa Grímsdóttir, deildarstjóri ofanflóðadeilda Veðurstofu Íslands, Elías Pétursson, formaður Ofanflóðanefndar, Þóroddur Bjarnason, prófessor við HÍ, Halla Ólafsdóttir, dagskrágerðarmaður á Ísafirði, Magni Hreinn Jónsson, fagstjóri ofanflóðahættumats hjá Veðurstofu Íslands, Bergþóra Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustusviðs Vegagerðarinnar, Edda Björk Þórðardóttir, dósent við Læknadeild HÍ og klínískur sálfræðingur, Rögnvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn og Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlöggregluþjónn hjá löggreglunni á Vestfjörðum. Þá munu fyrrverandi framkvæmdastjórar sveitarfélaga fara yfir áskoranir sveitarfélaga vegna ofanflóðahættu fyrr og nú.

Skipuleggjendur málþingsins eru Ofanflóðasjóður, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, Almannavarnir, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun, Verkfræðingafélag Íslands og Snjóflóðasamtök Íslands.

Heimasíða málþingsins með frekari upplýsingum er [Ofanflóð 2025 – Málþing um snjóflóð og samfélög](#)

**Opnað verður fyrir skráningu í byrjun mars. Þar verður tekið á móti bókunum á málþingið, í gistingu, skoðunarferð og kvöldverð. Áhugasamir eru hvattir til þess að bóka strax flug.**



Kristín Martha Hákonardóttir, sérfræðingur / Head of Division  
Skrifstofa framkvæmda og eftirfylgni / Department of Execution and Performance Monitoring  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate  
Borgartúh 26, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8600  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Til allra sveitarstjórnna

## FUNDARBOD

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn fimmtudaginn 20. mars 2025 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti. Aðilar þurfa að hafa meðferðis farsíma eða tölvu til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Mikilvægt er að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmöla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.


### Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2024 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum Lánasjóðsins.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 15. gr. samþykktanna.
8. Kosning tilnefningarnefndar.
9. Kosning utanaðkomandi fulltrúa í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
11. Ákvörðun um þóknun til stjórnar – og nefndarmanna fyrir störf þeirra.
12. Önnur mál.

Stjórn vill sérstaklega árécta að á fundinum verða kosnir þrír í tilnefningarnefnd. Í samræmi við 19. gr samþykktu sjóðsins þurfa framboð að berast framkvæmdarstjóra minnst fimm dögum fyrir aðalfund á netfangið [ottar@lanasjodur.is](mailto:ottar@lanasjodur.is).

Ársreikningur fyrir árið 2024 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Lánasjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

Virðingarfyllst  
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.



Ottar Guðjónsson

## Tillögur fyrir aðalfund 2025

### Tillaga um arð og ráðstöfun hagnaðar

„Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2025 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2024 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.“

### Tillaga um starfskjarastefnu

Stjórn leggur til að starfskjarastefnan standi óbreytt.

### Tillaga um laun stjórnar og undirnefndar stjórnar

Stjórn leggur til að laun stjórnar og undirnefndar stjórnar standi óbreytt eins og samþykkt var á aðalfundi 2024.

„Lagt er til að stjórnarlaun hjá Láanasjóðnum verði kr. 205.960 fyrir hvern mánuð og taki breytingum miðað við launavísitölu 1. janúar n.k. Laun varaformanns verða 1,25-föld mánaðarlaun stjórnarmanna og laun formanns verða 1,5-föld mánaðarlaun stjórnarmanna. Varamenn í stjórn skulu fá laun fyrir hvern setinn fund, sem eru jöfn mánaðarlaunum stjórnarmanns.“

### Tillaga um endurskoðanda

„Árið 2022 var KPMG ráðið sem endurskoðandi Láanasjóðsins til 5 ára. Ekki er heimilt að segja upp samningnum nema, nema sérstakar ástæður kalli á það. Stjórn leggur til að samningurinn standi óhaggaður“.

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Hekla Jóhannsdóttir <hekla.johannsdottir@logreglan.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 5. mars 2025 09:23  
**To:** Kristín Þórðardóttir; forstjori@hsu.is; skolameistari@fsu.is; jonak@ml.is; lind; sigurjon@hornafjordur.is; sveitarstjori; sveitarstjori; Anton Kári Halldórssón; sveitarstjori@ry.is; Valtýr Valtýsson; bragi@arborg.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; sylviakaren@skeidgnup.is; aldis@fludir.is; Ásta Stefánsdóttir; fjola@gogg.is; Pétur Georg Markan; Elliði Vignisson  
**Cc:** Arndís Soffía Sigurðardóttir; Grímur Hergairsson  
**Subject:** Aðalfundur Öruggara Suðurlands - takið daginn frá

Sæl öll

Hér með tilkynnist að aðalfundur og vinnustofa Öruggara Suðurlands verður haldinn í Vík í Mýrdal þann 8. apríl næstkomandi, kl. 11:00-15:00. Óskað er eftir að þið eða eftir atvikum einhver annar fyrir ykkar hönd mæti á fundinn.

Nánari dagskrá verður send út síðar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa póst.

A/ni?

### Hekla Jóhannsdóttir

Tengiliður

Skrifstofa lögreglustjóra

hekla.johannsdottir@logreglan.is

### Lögreglustjórinn á

Suðurlandi

Hlíðarvegi 16

860 Hvolsvelli

sudurland@logreglan.is

4442000



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Vinsamlegast

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 5. mars 2025 13:51  
**To:** 'lilja.b.einarsdottir@landsbankinn.is'  
**Cc:** Árni Eiríksson  
**Subject:** FW: Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps  
**Attachments:** Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps vegna lánamála hjá Landsbankanum.pdf

Sæl Lilja Björk

Ég óska eftir svari frá Landsbankanum við bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 4. febrúar 2025. Bréfið var einnig sent í bréfpósti stílað á bankastjóra.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps  
Hulda Kristjánsdóttir

---

Hulda Kristjánsdóttir  
Sveitarstjóri Flóahrepps  
[hulda@floahrepur.is](mailto:hulda@floahrepur.is)  
[www.floahrepur.is](http://www.floahrepur.is) | 480 4370 | Þingborg



*Pessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinnum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skyld að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47.gr laga nr. 81/2003 um farskipti.*

---

**From:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Sent:** þriðjudagur, 11. febrúar 2025 15:04  
**To:** 'landsbankinn@landsbankinn.is' <[landsbankinn@landsbankinn.is](mailto:landsbankinn@landsbankinn.is)>  
**Cc:** Árni Eiríksson <[arni@floahrepur.is](mailto:arni@floahrepur.is)>  
**Subject:** Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps

Góðan dag

Ég óska eftir því að viðhengi þessa pósts berist til bankastjóra og framkvæmdastjórnar Landsbankans hf. við fyrsta tækifæri.

Von er á frumriti bréfs í ábyrgðarpósti til bankastjóra, Lilju Bjarkar Einarsdóttur.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps  
Hulda Kristjánsdóttir

---

Hulda Kristjánsdóttir  
Sveitarstjóri Flóahrepps  
[hulda@floahrepur.is](mailto:hulda@floahrepur.is)  
[www.floahrepur.is](http://www.floahrepur.is) | 480 4370 | Þingborg

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Þorgeir Sigurðarson - FST <thorgeir@fjarskiptastofa.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 6. mars 2025 14:07  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Gagnaöflun FST: Flóaljós  
**Attachments:** Staðfangalisti - tengingar.xlsx; Tækjarými - sniðmát.xlsx; Upplýsingabeiðni um fjarskiptainnviði.pdf

Ágæti Viðtakandi,

Meðfylgjandi er beiðni um gögn fyrir Gagnagrunn almennra fjarskiptaneta (GAF).

Fjarskiptastofa hefur um nokkurra ára skeið safnað upplýsingum um fjarskiptainnviði og útbreiðslu neta tvisvar á ári til notkunar í GAF sem starfræktur er samkvæmt 10. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021. Stofnunin óskar nú eftir uppfærslu á þeim gögnum en hafi engar breytingar orðið frá síðustu gagnaöflun, óskar stofnunin eftir staðfestingu þess efnis.

Frestur til þess að svara beiðninni er til **21. mars næstkomandi** og skila skal gögnum inn á eftirfarandi svæði [Gögn til Fjarskiptastofu](#).

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Með kveðju,

Þorgeir Sigurðarson

Sérfræðingur

SÍMI / TEL (+354) 510 1500



[www.fjarskiptastofa.is](http://www.fjarskiptastofa.is)

[Fyrirvari/Disclaimer]

## Upplýsingabeiðni um fjarskiptainnviði

Með vísan til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur stofnunin krafio aðila um allar upplýsingar um fjarskiptainnviði, jafnt virka sem óvirka nethluta, auk áætlana um uppbyggingu slíkra innviða, á því formi sem stofnunin ákveður.

Með vísan til tilvitnaðs ákvæðis óskar Fjarskiptastofa eftir því að fjarskiptafélagið afhendi stofnuninni upplýsingar um fjarskiptainnviði félagsins. Nánar tiltekið er óskað eftirfarandi upplýsingum:

- Upplýsingar er varða mannvirki sem gátu tengst neti viðkomandi fjarskiptafélags skráð í fyrirliggjandi skjal frá Fjarskiptastofu.
- Gögn er sýna hnittsetta legu eftirfarandi fjarskiptainnviða fjarskiptafélagsins:
  - Ljósleiðaralagnir
  - Koparlagnir
  - Tækjarými
  - Götuskápar
  - Brunnar

Öll gögn sem beðið er um skulu miðast við stöðu neta og innviða **1. janúar 2025** og skila skal gögnum inn á eftirfarandi svæði: [Gögn til Fjarskiptastofu \(fjarskiptastofa.is\)](http://fjarskiptastofa.is). Farið er fram á að gögn séu útfærð á eftirfarandi hátt:

### Mannvirki með möguleika á tengingu

Til að stuðla að samræmdri nálgun og einsleitri útfærslu skulu upplýsingar um mannvirki sem tengst geta neti fjarskiptafélagsins byggja á þeim eigindum sem finna má í [Staðfangaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar](#). Beiðni þessari fylgdi fylgiskjal, *Staðfangalisti – tengingar*, sem inniheldur lista yfir öll staðföng landsins ásamt auðum reitum sem fylla skal út ef mannvirkio á möguleika á að tengjast neti fjarskiptafélagsins.

*Mannvirki telst eiga möguleika á tengingu ef framkvæmd útbreiðslu til mannvirkis er lokið, mannvirkio getur gert þöntun á þjónustu og afgreiðsluferli eru til staðar til að tengjast innan fárra daga.*

Nánar lýsing á þeim upplýsingum sem skal skila, er að finna undir flípanum *Eigindalýsing* í fylgiskjalinu.

### Lega fjarskiptainnviða

Öll gögn um legu fjarskiptainnviða skulu vera hnittsett gögn í íslenska landshnitakerfinu (ISN93) eða á GPS sniði í WGS84. Skila skal gögnum um legu ljósleiðara, koparlagna og götuskápa/brunna á Shapfile sniði sem hægt er að nýta í landfræðilegum upplýsingakerfum. Gögn um legu lagna skulu vera línugögn og gögn um götuskápa og brunna skulu vera punktagögn.

Skrá yfir öll tækjarými sem fjarskiptafélagið rekur eða nýtir skal skila með því að fylla út í fylgiskalið *Tækjarými – sniðmát*. Nánari lýsing á þeim eigindum sem fylgja skulu skránni er að finna í sniðmátsskjalinu undir flípanum *Eigindalýsing*.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** GEV - Eftirlit <eftirlit@gev.is>  
**Sent:** mánudagur, 10. mars 2025 13:21  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Niðurstöður frumkvæðisathugunar á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu  
**Attachments:** Frumkvæðisathugun á akstursþjónustu sveitarfélaga.pdf

B.t. félagsmálastjóra sveitarfélags.

Meðfylgjandi er skýrsla GEV um frumkvæðisathugun á akstursþjónustu sveitarfélaga sem fram fór á árinu 2024.

GEV þakkar sveitarfélagini fyrir góða samvinnu við framkvæmd athugunarinnar.

Stefnt er að birtingu skýrslunnar á vefsíðu GEV á næstu dögum.

Með kveðju, Guðrún Svala

**Guðrún Svala Gísladóttir**  
Sérfræðingur í eftirlitsteymi / Inspection Team Specialist



---

**Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála**  
Quality and Supervisory Agency of Welfare



Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík | Iceland



+354 540 0040



[www.gev.is](http://www.gev.is)

[Fyrirvari/Disclaimer](#)



---

Frumkvæðisathugun á  
akstursþjónustu  
sveitarfélaga

Útgefandi:

**Gæða- og eftirlitsstofnun  
velferðarmála**

Mars 2025

[gev@gev.is](mailto:gev@gev.is)

[gev.is](http://gev.is)

Umbrot og textavinnsla:

Gæða- og eftirlitsstofnun  
velferðarmála

# Efnisyfirlit

SAMANTEKT .....	2
1. INNGANGUR .....	3
1.1    Gagnaöflun og framkvæmd athugunar.....	4
2. NIÐURSTÖÐUR .....	5
2.1    Framkvæmd þjónustu .....	5
2.2    Rekstrarform þjónustunnar.....	6
3. TILMÆLI GEV.....	10
VIÐAUKI 1. ATHUGUN GEV Á AKSTURSPJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA .....	11

## Samantekt

Niðurstöður frumkvæðisathugunar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV) á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk leiddu í ljós að af 61 sveitarfélagi sem svaraði könnuninni bjóða 57 sveitarfélög (92%) upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og 55 sveitarfélög (89%) fyrir eldra fólk. Alls sinna 26 sveitarfélög (46%) sjálf akstursþjónustu fyrir fatlað fólk en 31 þeirra (54%) eru með þjónustusamning við einkaaðila um að sinna þjónustunni fyrir þeirra hönd. Í tilviki akstursþjónustu fyrir eldra fólk sinna 28 sveitarfélög þjónustunni sjálf en 27 þeirra fela einkaaðilum að sinna henni. Meirihluti þeirra einkaaðila sem sinna akstursþjónustunni eru ekki með rekstrarleyfi til þess frá GEV, þrátt fyrir lagaskyldu um slíkt.

Í ljósi niðurstaðna beinir GEV eftirfarandi tilmælum um úrbætur, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (lög um GEV), til sveitarfélaga sem hafa gert þjónustusamning við einkaaðila um rekstur akstursþjónustu sem ekki eru með rekstrarleyfi frá GEV:

Sveitarfélög skulu tryggja að einkaaðilar sæki um rekstrarleyfi til GEV í samræmi við 5. gr. laga um GEV. Bendir GEV á að sveitarfélögum er óheimilt að semja um veitingu þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 við aðra aðila en þá sem hafa fengið rekstrarleyfi frá GEV, sbr. 9. gr. laganna. Úrbótum skal lokið innan þriggja mánaða frá útgáfu skýrslunnar.

Þá er þeirri ábendingu beint til þeirra sveitarfélaga sem ekki bjóða upp á akstursþjónustu nú þegar, að æskilegt er að sveitarfélög séu í stakk búin til að veita þjónustuna ef þjónustuþarfir íbúa þeirra breytast þar sem þjónustan er lögbundin. GEV telur mikilvægt að reglur um þjónustuna séu til staðar sem og að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að hægt sé að veita þjónustuna í sveitarfélögnum með litlum fyrirvara.

## 1. Inngangur

Á vormánuðum 2024 var tekin ákvörðun hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) um að hefja frumkvæðisathugun, sbr. 14. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 (lög um GEV), á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu. Ákveðið var að kortleggja akstursþjónustu á landsvísu m.a. vegna þess að GEV hafði vitneskju um að fleiri einkaaðilar veittu akstursþjónustu en þeir sem höfðu gilt rekstrarleyfi til þess frá GEV. Skv. 5. gr. laga um GEV skulu einkaaðilar sem hyggjast veita þjónustu sem lýtur eftirliti GEV afla rekstrarleyfis áður en byrjað er að veita þjónustuna. Þá er sveitarfélögum óheimilt skv. 9. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga (félagsþjónustulög) að semja um veitingu þjónustu við aðra aðila en þá sem hafa fengið rekstrarleyfi frá GEV. Við upphaf athugunarinnar í júní 2024 voru tveir einkaaðilar með rekstrarleyfi frá GEV til að reka akstursþjónustu og tveir aðilar til viðbótar voru með umsókn í vinnslu.

Fjallað er um lögbundna skyldu sveitarfélaga til akstursþjónustu í félagsþjónustulögum og um skyldu til flutningsþjónustu milli dagdvalar eldra fólks og heimilis einstaklings í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Til einföldunar á orðalagi verður í skýrslunni eingöngu vísað til akstursþjónustu og er þá átt við akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og flutningsþjónustu fyrir eldra fólk.

### 29. gr. félagsþjónustulaga

*„Fatlað fólk skal eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda.“*

*Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á akstursþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem það nýtur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.*

*Ráðherra setur nánari leiðbeiningar um akstursþjónustu í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks þar sem m.a. skal kveðið á um tilhögun á akstri utan sveitarfélags og kostnaðarskiptingu vegna akstursþjónustu í dreifbýli. Sveitarstjórn er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almennингssamgöngur á viðkomandi svæði.“*

### 3. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999

*Dagdvöl aldraðra sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagdvöl aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónustu og vera aðstaða til þjálfunar og læknispjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins[...].*

Markmið athugunar GEV var tvíþætt. Annars vegar að kanna hvort sveitarfélög byðu upp á akstursþjónustu og þá hvort þjónustan væri rekin af sveitarfélögunum sjálfum eða einkaaðilum. Hins vegar að kanna hvort þeir einkaaðilar sem sinna akstursþjónustu séu með rekstrarleyfi frá GEV vegna þjónustunnar.

#### 1.1 Gagnaöflun og framkvæmd athugunar

GEV sendi spurningakönnun til allra sveitarfélaga landsins með spurningum um fyrirkomulag akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk (viðauki 1). Spurt var hvort þjónustan stæði íbúum sveitarfélagsins til boða og hvert rekstrarform hennar væri, þ.e. hvort þjónustunni væri sinnt af sveitarfélagini eða hún framkvæmd af einkaaðilum á grundvelli þjónustusamnings við sveitarfélagið. Ef ekki var boðið upp á þjónustuna voru sveitarfélög beðin um að greina frá ástæðum þess. Ef þjónustan var á hendi einkaaðila voru sveitarfélög beðin um að tilgreina hverjir það væru.


Spurningakönnunin var send með tölvupósti á almenn netföng sveitarfélaga þann 11. júní 2024. Ítrekanir voru sendar með tölvupósti á þau sveitarfélög sem ekki höfðu svarað könnuninni. Alls bárust svör við spurningakönnuninni frá 61 af 62 sveitarfélögum landsins. Nokkur sveitarfélög svoruðu fyrir hönd annarra sveitarfélaga. Svör bárust ekki frá sveitarfélagini Húnabyggð þrátt fyrir ítrekanir.

GEV fylgdi könnuninni eftir með bréfi sem sent var þann 12. september 2024 til allra sveitarfélaga sem gert hafa þjónustusamning við einkaaðila um rekstur akstursþjónustu. Í bréfinu var minnt á skyldur einkaaðila til þess að sækja um rekstrarleyfi til GEV, þeim leiðbeint um umsóknarferlið sem og hvaða kröfur væru gerðar til einkaaðila með rekstrarleyfi frá GEV til þess að sinna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk.

## 2. Niðurstöður

### 2.1 Framkvæmd þjónustu


Boðið er upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í 57 sveitarfélögum af þeim 61 sem svaraði könnuninni, eða rúmlega 93% (mynd 1).



Mynd 1. Hlutfall sveitarfélaga sem bjóða upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Fjögur sveitarfélög sögðust ekki bjóða upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Þau sögðu ástæðu þess vera að ekki hefðu borist beiðnir um akstursþjónustu hingað til og því hefði ekki reynt á framkvæmd hennar.

Boðið er upp á akstursþjónustu fyrir eldra fólk í 55 sveitarfélögum af þeim 61 sem svaraði könnuninni, eða rúmlega 90% (mynd 2).



Mynd 2. Hlutfall sveitarfélaga sem bjóða upp á akstursþjónustu fyrir eldra fólk

Sex sveitarfélög sögðust ekki bjóða upp á akstursþjónustu fyrir eldra fólk. Þau sveitarfélög sem ekki bjóða upp á akstursþjónustu sögðu flest hver ástæðu þess vera að ekki hefðu borist beiðnir um akstursþjónustu hingað til og því hefði ekki reynt á framkvæmd hennar.


Eitt sveitarfélag greindi frá því að það byði ekki upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk vegna takmarkaðrar þarfar fyrir þjónustuna auk þess sem sveitarfélagið væri mjög víðfeðmt sem gerði akstursþjónustu dýrari og erfiðari í skipulagningu. Þó var tekið fram að í undantekningartilfellum hafi sveitarfélagið fengið starfsfólk heimaþjónustu til að sinna akstri með þjónustuþega í sjúkraþjálfun, læknisheimsóknir og búðarferðir. GEV sýnir því skilning að snuíð og kostnaðarsamt geti verið að veita þessa þjónustu í dreifðari byggðum landsins en telur þó rétt að minna á að skylda til að veita akstursþjónustu er lögbundin á landsvísu og er óháð því hversu þéttbýl sveitarfélög eru.

GEV telur mikilvægt að sveitarfélög sem hafa ekki boðið upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og/eða eldra fólk hingað til, vegna þess að þörfin hefur ekki verið til staðar, séu í stakk búin til að veita þjónustuna ef til þess kemur að óskað verði eftir henni. Því sé mikilvægt að reglur um akstursþjónustu séu til staðar, sbr. 3. mgr. 29. gr. félagsþjónustulaga, sem og upplýsingar um hvernig einstaklingar geti sótt um þjónustuna.

## 2.2 Rekstrarform þjónustunnar


Niðurstöður spurningakönnunarinnar leiddu í ljós að af þeim 57 sveitarfélögum sem bjóða upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, reka 26 sveitarfélög þjónustuna sjálf (46%) en 31 sveitarfélag (54%) felur einkaaðilum reksturinn (mynd 3).





**Mynd 3. Rekstrarform akstursþjónustu fyrir fatlað fólk**

Niðurstöður könnunar sýndu að 28 sveitarfélög, eða 51% þeirra sveitarfélaga sem svöruðu könnuninni, reka sjálf akstursþjónustu fyrir eldra fólk (mynd 4) en 49% þeirra (27 sveitarfélög) fela einkaaðilum að sinna þjónustunni.



**Mynd 4. Rekstrarform akstursþjónustu fyrir eldra fólk**

Í nokkrum tilfellum var greint frá því í athugasemdum við spurningalistann að sveitarfélögin væru með blandað rekstrarform í kringum akstursþjónustuna, hún væri að hluta rekin af sveitarfélagini en einnig í samstarfi við einkaaðila. Einkaaðilum væri þá í einhverjum tilvikum falin þjónusta sem akstursþjónusta sveitarfélagsins næði ekki að sinna vegna umfangs þjónustunnar.

Þau sveitarfélög sem nýta sér þjónustu einkaaðila til að sinna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk tilgreindu nær öll hvaða fyrirtæki sæi um þjónustuna (tafla 1). Af þeim 15 fyrirtækjum sem voru nefnd, var aðeins eitt þeirra með rekstrarleyfi frá GEV en tvö

voru með umsóknir í vinnslu. Að auki var einn aðili með rekstrarleyfi fyrir akstursþjónustu en var ekki tilgreindur í svörum sveitarfélaganna. Meirihluti þeirra einkaaðila sem tilgreindir voru í könnun GEV höfðu því ekki rekstrarleyfi frá GEV þegar könnunin var framkvæmd.

**Tafla 1. Fyrirtæki sem sinna akstursþjónustu samkvæmt svörum sveitarfélaga**

Fyrirtæki	Fatlað fólk	Eldra fólk
Auðun Benediktsson	✓	✓
Bifreiðastöð Oddeyrar	✓	✓
Bifreiðastöð Selfoss ehf.		✓
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf.	✓	✓
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf.	✓	✓
GN ehf.	✓	
GTS ehf.	✓	
HBS ehf.		✓
Hópbílar ehf.	✓	✓
Hreyfill svf.	✓	✓
Jiibbií ehf.	✓	✓
Sérleyfisbílar Ak-Norðurleið	✓	✓
Suðurleiðir ehf.	✓	
Teitur Jónasson ehf.	✓	✓
Vestfirskar ævintýraferðir ehf.	✓	✓

Aukning varð í umsóknum um rekstrarleyfi til GEV eftir að sveitarfélögin fengu spurningakönnun GEV og bréf um skyldu einkaaðila til að afla rekstrarleyfis hjá stofnuninni. Í lok janúar 2025 voru tíu einkaaðilar með rekstrarleyfi frá GEV (tafla 2). Fjórir þessara aðila hafa ekki verið tilgreindir af sveitarfélögunum sem aðilar sem sinna akstursþjónustu fyrir þeirra hönd.

Í nokkrum tilfellum tilgreindu sveitarfélögin að einkaaðili sæi um þjónustuna og nefndu að um væri að ræða Strætó bs., Pant eða Blindrafélagið. Þar sem Strætó bs. er byggðasamlag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Pant er rekstrareining sem heyrir undir Strætó bs. Ítur GEV svo á að þjónustan sé rekin af sveitarfélögunum. Þar af leiðandi á rekstrarleyfisskylda vegna akstursþjónustu ekki við um Strætó bs. og Pant. Aftur á móti nýta Strætó bs. og Pant leigubílaþjónustu vegna sumra akstursþjónustuverkefna sinna, og er sú leigubílaþjónusta rekstrarleyfisskyld hjá GEV. Þá er Blindrafélagið félagasamtök sem hefur gert samninga við sveitarfélög um akstursþjónustu. Blindrafélagið notast alfarið við leigubifreiðar við veitingu þjónustunnar og er því sjálft ekki rekstrarleyfisskylt að mati GEV. Leigubílaþjónusturnar sjálfar eru hins vegar rekstrarleyfisskyldar.

**Tafla 2. Fyrirtæki með rekstrarleyfi frá GEV til að sinna akstursþjónustu (janúar 2025)**

Fyrirtæki	Gildir frá	Gildir til
Ari Grétar Björnsson	03.11.2022	03.11.2027
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf.	06.06.2024	05.06.2029
Teitur Jónasson ehf.	03.07.2024	02.07.2029
Vopnabúrið ehf.	05.09.2024	04.09.2029
Hópbílar ehf.	25.09.2024	24.09.2029
Freysteinn Gunnarsson	02.12.2024	01.12.2029
Dagleið ehf.	11.11.2024	10.11.2029
Fjallasýn Rúnars Óskarsson ehf.	18.11.2024	17.11.2029
Hreyfill svf.	20.01.2025	19.01.2030
Jíiibbíí ehf.	27.01.2025	26.01.2030

Nokkur sveitarfélög greindu frá því að stuðningsfjölskyldur viðkomandi einstaklinga eða einstaklingar í verktöku sæju um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Hjá enn öðrum kom fram að gerður væri „samningur um tilteknar ferðir við tilfallandi aðila með leyfi”. Hvað akstursþjónustu fyrir eldra fólk varðar greindu nokkur sveitarfélög frá því að samið hefði verið við aðstandendur um að sjá um aksturinn eða að samið væri við einstaklinga um hvert tilvik sem upp kæmi.

Eitt sveitarfélag greindi frá því að akstursþjónusta fyrir fatlað fólk væri með þeim hætti að greitt væri til foreldra fatlaðra barna vegna aksturs í skammtímadvöl eða iðju. Einnig væri búsetukjarni með bíl sem fengi árlegan styrk vegna aksturs í iðju.

Í einu tilfelli var greint frá því að akstursþjónusta fyrir fatlað fólk og eldra fólk hefði hingað til verið óformleg og í formi skutls, því væri ekki rukkað fyrir hana. Til stæði þó að formfesta þjónustuna og hefja gjaldtöku.

GEV bendir sveitarfélögum og rekstraraðilum akstursþjónustu á að einkaaðilum, þ.m.t. verktökum, sem hyggjast veita þjónustu er lýtur eftirliti GEV, er skylt að afla rekstrarleyfis áður en byrjað er að veita þjónustuna, sbr. 5. gr. laga um GEV. Þá er sveitarfélögum óheimilt að semja um veitingu þjónustu, samkvæmt félagsþjónustulögum, við aðra aðila en þá sem hafa fengið rekstrarleyfi frá GEV, sbr. 9. gr. félagsþjónustulaganna.

### 3. Tilmæli GEV

Í ljósi niðurstaðna beinir GEV eftirfarandi tilmælum um úrbætur, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (lög um GEV), til sveitarfélaga sem hafa gert þjónustusamning við einkaaðila um rekstur akstursþjónustu sem ekki eru með rekstrarleyfi frá GEV:

Sveitarfélög skulu tryggja að einkaaðilar sæki um rekstrarleyfi til GEV í samræmi við 5. gr. laga um GEV. Bendir GEV á að sveitarfélögum er óheimilt að semja um veitingu þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 við aðra aðila en þá sem hafa fengið rekstrarleyfi frá GEV, sbr. 9. gr. laganna. Úrbótum skal lokið innan þriggja mánaða frá útgáfu skýrslunnar.

Þá er þeirri ábendingu beint til þeirra sveitarfélaga sem ekki bjóða upp á akstursþjónustu nú þegar, að æskilegt er að sveitarfélög séu í stakk búin til að veita þjónustuna ef þjónustuþarfir íbúa þeirra breytast þar sem þjónustan er lögbundin. GEV telur mikilvægt að reglur um þjónustuna séu til staðar sem og að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að hægt sé að veita þjónustuna í sveitarfélögum með litlum fyrirvara.

# Viðauki 1. Athugun GEV á akstursþjónustu sveitarfélaga

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sinnir m.a. eftirliti með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og þjónustu sem veitt er á grundvelli laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um Gæða- eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021.

Stofnunin hefur að eigin frumkvæði eftirlit með gæðum þjónustu, sbr. 14. gr. laga um GEV. Á þeim grundvelli hefur nú verið ákveðið að stofna til frumkvæðisathugunar á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu.

Þessi spurningakönnun er liður í því að kortleggja akstursþjónustu sveitarfélaga.

\* 1. Býður sveitarfélagið upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk?

skv. 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga

- Já
- Nei

\* 2. Hvert er rekstrarform akstursþjónustu fyrir fatlað fólk?

- Akstursþjónustan er rekin af sveitarfélagini
- Einkaaðili sinnir akstursþjónustunni á grundvelli samnings við sveitarfélagið  
Tilgreinið nafn fyrirtækis:

3. Tilgreinið ástæður þess að sveitarfélagið býður ekki upp á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk:

\* 4. Býður sveitarfélagið upp á akstursþjónustu fyrir eldra fólk?

Skv. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra

- Já
- Nei

\* 5. Hvert er rekstrarform akstursþjónustu fyrir eldra fólk?

- Akstursþjónustan er rekin af sveitarfélagini
- Einkaaðili sinnir akstursþjónustunni á grundvelli samnings við sveitarfélagið  
Tilgreinið nafn fyrirtækis:

6. Tilgreinið ástæður þess að sveitarfélagið býður ekki upp á akstursþjónustu fyrir eldra fólk:

7. Skráið hér athugasemdir ef einhverjar eru

\* 8. Nafn sveitarfélags

*Ef svör eiga við fleiri en eitt sveitarfélag, tilgreinið þau öll*

\* 9. Nafn þess sem svarar könnun

\* 10. Tölvupóstfang þess sem svarar könnun

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.





Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Landsvirkjun <landsvirkjun@landsvirkjun.is>  
**Sent:** mánudagur, 10. mars 2025 14:38  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Dagur jöklar 21. mars

[View this email in your browser](#)




## Alþjóðlegur dagur jöklar!

Landsvirkjun, í samstarfi við Jarðví sindastofnun Háskóla Íslands og Jöklarannsóknafélag Íslands, stendur fyrir fræðslufundi í Grósku á alþjóðlegum degi jöklar, föstudaginn 21. mars.

- Húsið verður opnað kl 9.30 og boðið verður upp á léttar veitingar
- Fundurinn hefst svo kl. 10 og lýkur kl. 11:30
- Skrá þarf mætingu í formið hér fyrir neðan
- Fundinum verður einnig streymt af vef Landsvirkjunar

## Skráning á fundinn



### Mætt á staðinn

Við mælum með því að fundargestir komi gangandi eða með almenningssamgöngum á staðinn.

Strætó nr 15 stoppar næst húsinu, við Íslenska erfðagreiningu.

Þau sem koma á bíl eru hvött til að mæta tímanlega.



Copyright © \*2025\* \*Landsvirkjun\*, All rights reserved.

Heimilisfang: Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Þú getur uppfært þínar upplýsingar eða afskráð þig af póstlistanum.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Guðmunda Ólafsdóttir <gudmunda@heradsskjalasafn.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 13. mars 2025 09:01  
**To:** gogg@gogg.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; hrungi@fludir.is;  
skeidgnup@skeidgnup.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; olfus@olfus.is; Móttaka  
Hveragerði  
**Subject:** Námskeið á vegum Héraðsskjalasafns Árnesinga  
**Attachments:** Námskeið í Grúski (1).jpg

Góðan dag

Héraðsskjalasafn Árnesinga stendur fyrir tveggja kvölda námskeiði í grúski á þremur stöðum í sýslunni í kringum næstu mánaðarmót. Sjá meðfylgjandi auglýsingu. Gaman væri ef sveitarfélögin í sýslunni sæu sér fært að auglýsa námskeiðið á sínum miðlum.

Kv. Guðmunda Ólafs.




Héraðsskjalasafn  
Árnesinga

Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

Guðmunda Ólafsdóttir  
skjalavörður


gudmunda@heradsskjalasaf



# Námskeið í grúski

Lærðu að leita í gagnagrunnum og heimildum á netinu til þess að rannsaka héraðs- og fjölskyldusögu. Þátttakendur burfa að mæta með fartölву með sér og hafa þokkalega tölvukunnáttu.  
Um er að ræða tveggja kvölda námskeið sem er þátttakendum að kostnaðarlausu.

## Héraðsskjaliasafn Árnesinga



Hveragerði | 24. og 25. mars  
Reykholts | 31. mars og 2. apríl  
Eyrarbakki | 7. og 8. apríl

Tímasetning: 17:00-19:00


Takmörkuð pláss í boði  
Skráning fer fram í gegnum  
[heradsskjaliasafn@heradsskjaliasafn.is](mailto:heradsskjaliasafn@heradsskjaliasafn.is)

## Hulda Kristjánsdóttir

From: Markaðsstofa Suðurlands <info@south.is>  
Sent: föstudagur, 28. febrúar 2025 11:26  
To: Sveitarstjóri Flóahrepps  
Subject: Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands

[View this email in your browser](#)

Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands [info@south.is](mailto:info@south.is)  
Febrúar 2025

 **Markaðsstofa  
Suðurlands**  
Visit South Iceland



# Nýtt ár - ný tækifæri!

Nú er 2025 gengið í garð og tími til að staldra við, fara yfir liðið ár og skoða möguleikana á því nýja. Eru tækifæri sem bíða handan við hornið?

Áramótin á Íslandi eru einstök þar sem landsmenn fara hamförum í að sprengja upp hirminhvolfið. Síðastliðin áramót voru engin undantekning og útkoman varð ein stórkostlegasta ljósasýning í heimi.

Vissir þú að flugeldar voru fyrst notaðir á Íslandi fyrir meira en 100 árum síðan?

Lestu meira um flugelda og áramótabrennur á Íslandi [hér](#).



## Árshátíð og aðalfundur MSS 2025 - takið daginn frá

Aðalfundur og árshátíð Markaðsstofu Suðurlands verður haldinn þann 16. maí næstkomandi á Hótel Geysi.

**Fræðumst, styrkjum tengslin og skemmtum okkur**

Dagurinn verður með hefðbundnu sniði og hefst um hádegi á aðalfundi stofunnar og fræðumst saman á málþingi í kjölfarið. Seinnipartíinn fórum við í stutta ferð um svæðið, kynnumst starfsemi kollega og endum svo aftur á Hótel Geysi þar sem við ætlum að eiga skemmtilegt kvöld.

Hægt er að lesa meira um árshátíð og aðalfund MSS [hér](#).



## Frábær Ferðapjónustuvika að baki

Það var mikið um dýrðir í Ferðapjónustuvikunni, dagana, 14.-16. janúar, sem var haldin af Markaðsstofum landshlutanna, Íslenska ferðaklasanum, Samtökum ferðapjónustunnar, Ferðamálastofu og Íslandsstofu.

## Þétt og áhugaverð dagskrá

Fjölmargir spennandi viðburðir voru í boði, svo sem Nýársmálstofa og Markaðssamtal ferðapjónustunnar, Ferðatæknimót, Dagur ábyrgrar

ferðaþjónustu og málþing um slys í ferðaþjónustu auk viðbragða við þeim. Vikan endaði svo á einum stærsta viðburði íslenskrar ferðaþjónustu, Mannamótum Markaðsstofa landshlutanna, sem hefur aldrei verið fjölmennari en í ár.

Hægt er að lesa nánar um Ferðaþjónustuvikuna [hér](#).



## Metbáttaka á Mannamótum 2025

Hin árlega kaupstefna Mannamót fór fram í Kórnum í Kópavogi fimmtudaginn 16. janúar 2025.

Þar fengu ferðaþjónustuaðilar á landsbyggðinni tækifæri til að kynna starfsemi sína og er óhætt að segja að úrval af gistingu, mat og afþreyingu um allt land er framúrskarandi. Viðburðurinn hefur stækkað frá ári til árs og að þessu sinni mættu um 1.600 manns.

Hægt er að lesa meira um Mannamót [hér](#).



## Handbók til sveitarfélaga um uppbyggingu ferðamannastaða

Markaðsstofa Suðurlands og Faghópur sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál hefur ítrekað velt upp spurningunni hvert hlutverk sveitarfélaga er í uppbyggingu ferðamannastaða.

Sveitarfélög koma oft að þróun, leyfisveitingum og framkvæmdum við ferðamannastaði en stundum leikur vafi á atriðum varðandi ábyrgð, rekstur og framtíðarsýn um staðina.

### Byggir á samtölum við sveitarfélög og stofnanir um allt land

Í samstarfi við Ferðamálastofu hefur Markaðsstofa Suðurlands útbúið handbók sem á að auðvelda sveitarfélögum í stefnumótun, ákvörðunum og aðgerðum við uppbyggingu ferðamannastaða.

Handbókin byggir á samtölum við sveitarfélög og stofnanir um allt land þar sem skoðaðar voru helstu orsakir vandamála og hvaða aðgerðir leiddu til jákvæðrar

reynslu.

Hægt er að nálgast handbókina [hér](#).




## Mid-Atlantic - tækifæri til tengslamyndunar

Laugardalshöll iðaði af lífi föstudaginn 31. janúar þegar ferðapjónustuaðilar frá öllum heimshornum komu saman á Mid-Atlantic ferðakaupstefnunni.

Viðburðurinn, sem Icelandair stendur fyrir annað hvert ár, er lykiltækifæri fyrir fagfólk í ferðapjónustu til að tengjast, deila hugmyndum og skapa ný viðskiptatækifæri. Markaðsstofa Suðurlands átti fjölmarga fundi með erlendum aðilum og naut þess að miðla þeim einstöku upplifunum sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Hægt er að lesa meira um Mid-Atlantic ferðakaupstefnuna [hér](#).



## Njóttu Íslands í vetrarskrúðanum - á öruggan hátt


Það er fátt fugurra en Ísland að vetri til, þegar snjórinn umvefur landið á sólríkum degi. Þá er tilvalið að fara í ferðalag um Suðurlandið, skoða perlurnar í vetrarskrúðanum og njóta frábæru þjónustunnar sem landshlutinn hefur upp á að bjóða. Veðrið getur þó breyst hratt og það borgar sig að vera vel búinn.

### Góður undirbúningur er gulli betri

Færð á vegum landsins getur breyst hratt, sérstaklega að vetri til. Því er mikilvægt að athuga veðurspá vel áður lagt er af stað í ferðalagið.

Það er lykilatriði að vera á vel útbúnnum bíl, með síma, hleðslukubb, hlý fót og nesti með sér. Einnig er best að flýta sér hægt og nýta dagsbirtuna til aksturs.

[Hér](#) má finna ýmis öryggisráð fyrir ferðalanga.




## Suðurland fyrir bókelska

Íslendingar eiga ómetanlegan sagna- og bókmenntaarf. Tungumálið hefur lítið breyst í þúsund ár og við getum auðveldlega lesið fornsögurnar okkar. Suðurlandið hefur að geyma ýmsa bókmenntastaði sem er einstakt að heimsækja.

## Safnmenning, bókakaffi og sagnalist

Fjölbreytt safnmenning veitir innsýn í líf og verk höfunda, þar sem gestir geta upplifað handrit, sýningar og lifandi frásagnir. Menningarsetur, bókakaffihús og bókabær halda bókmenntahefðinni á lofti með viðburðum og uppákomum.

Hægt er að lesa meira um bókaperlur á Suðurlandi [hér](#).



## Eldfjallaleiðin bíður eftir þér

Eldfjallaleiðin er einstök ferðaleið sem teygir sig um suðurströnd Íslands, frá Reykjanesi að Öræfum, með áherslu á átta merk eldfjöll sem hafa mótað landið og menningu þess.

Þessi um það bil 700 km leið býður upp á fjölbreytta náttúru, þar á meðal ný og gömul hraun, svarta sanda, eldfjallaeyjar og mosagrónar hraunbreiður.

### Best að njóta í rólegheimum

Ferðalangar eru hvattir til að njóta leiðarinnar í rólegheimum, með því að verja nokkrum dögum til að kanna hvert svæði fyrir sig. Á leiðinni er hægt að upplifa fjölbreytta afþreyingu, njóta góðs matar, kynnast vinalegu fólki og heillast af sögu landsins.

Kynntu þér Eldfjallaleiðina [hér](#).



Copyright © 2025 Markaðsstofa Suðurlands. All rights reserved.

New setup.

Our mailing address is:

Markaðsstofa Suðurlands

Fjöldheimur v/ Tryggvagarð

Sel foss 800

Iceland

Want to change how you receive these emails?

You can update your preferences or [unsubscribe from this list](#).

This email was sent to [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

[why did I get this?](#) [unsubscribe from this list](#) [update subscription preferences](#)

Markaðsstofa Suðurlands · Fjöldheimur v/ Tryggvagarð · Sel foss 800 · Iceland



Til grunnskóla, sveitarfélaga og  
skólapjónustu sveitarfélaga

Dagsetning 13. mars 2025  
Málsnúmer MRN25010111

### Fyrirlögn PISA 2025

Með bréfi þessu vill mennta- og barnamálaráðuneyti þakka fyrir góða samvinnu við grunnskóla og tengiliði við undirbúning fyrirlagnar PISA 2025 og óska eftir áframhaldandi góðu samstarfi við nemendur, starfsfólk grunnskóla, sveitarfélög og skólapjónustu sveitarfélaga um þátttöku í PISA rannsókninni nú við upphaf fyrirlagningartímabilsins.

Mikilvægt er að nálgast alla þætti PISA rannsóknarinnar með jákvæðu hugarfari og miklu skiptir að svigrúm sé skapað fyrir starfsfólk skóla og nemendur þegar verkefni eru leyst og spurningalistum svarað á meðan fyrirlögn stendur. PISA er alþjóðleg rannsókn á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem mælir lesskilning 15 ára nemenda og læsi þeirra á stærðfræði og náttúruvísindi á þriggja ára fresti. Einnig fylgja ýmsir spurningalistar með PISA rannsókninni sem gefa mikilvægar upplýsingar. PISA rannsóknin sem nær til um 90 þjóða er eina alþjóðlega samanburðarrannsóknin á stöðu menntakerfisins sem fram fer hér á landi.

Markmiðið er að kanna hvort nemendur við lok skyldunáms hafi öðlast þá þekkingu og færni sem gerir þeim kleift að taka virkan þátt í samfélaginu og stuðla að farsælli áframhaldandi skólagöngu. Stuðst er við efni sem finna má í aðalnámskrám um allan heim og leggur PISA sérstaka áherslu á að meta hvort nemendur geti yfirfært það sem þeir læra í skóla yfir á ný verkefni og nýjar aðstæður. Í þessari fyrirlögn eru náttúruvísindi í forgrunni og leysa nemendur ný verkefni á því sviði. Meðal áhersla er að meta færni nemenda til að kynna sér vísindalegar upplýsingar, meta þær og nýta sér þær til að taka ákvárdanir.

Auk þess að veita áreiðanlegar upplýsingar um þekkingu og færni nemenda á tilteknum sviðum náms, veitir PISA afar mikilvægar upplýsingar um viðhorf skólastjórnenda og kennara til skólastarfsins, aðstæður í skólam og viðhorf nemenda, áhuga og venjur tengdum námi. Það er mikilvægt fyrir fræðsluyfirvöld að geta tekið mið af þessum upplýsingum við framkvæmd og þróun skólastarfs til að stuðla að farsælli menntun og velferð nemenda.

Minnt er á að góð þátttaka í PISA skiptir miklu til að tryggja það að niðurstöður PISA endurspeglí stöðu nemenda á Íslandi. Er því lögð áhersla á að grunnskólar og skólapjónustur sveitarfélaga hvetji alla nemendur til að taka virkan þátt og leggja sig fram um að gera sitt besta.

Ásthildur Lóa Þórssdóttir  
mennta- og barnamálaráðherra

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 6. mars 2025 14:25  
**Subject:** Til umsagnar 101. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

Hlekkurinn á málið fylgdi ekki með fyrri umsagnarbeiðni.

Beðist er velvirðingar á því.

Kv. Sigrún Helga

6. mars 2025

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 101. mál

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum umsagnagátt Alþingis: umsagnir.althingi.is.

Frestur til að senda inn umsögn er til og með 20. mars nk.

Verði því ekki við komið er einnig mögulegt að senda umsagnir á umsagnir@althingi.is

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skyld að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir erindi og umsagnir á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur  
Nefndadeild  
563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

Fyrirvari/Disclaimer

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 13. mars 2025 12:48  
**Subject:** Til umsagnar 147. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

13. mars 2025  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd sendir til umsagnar [147. mál – Skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslög](#)

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum umsagnagátt Alþingis: [umsagnir.althingi.is](#).  
Frestur til að senda inn umsögn er til og með 27. mars nk.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skyld að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir [erindi](#) og [umsagnir](#) á síðu viðkomandi þingmáls.

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**  
Sérfræðingur  
Nefndadeild  
563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birtir tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)